



Vindur í seglum

STEF auglýsir eftir þátttakendum í verkefnið „Vindur í seglum“

Að tillögu Jafnréttisnefndar STEFs var staðið fyrir tilraunaverkefni árið 2020, n.k. „mentor-prógrammi“, undir heitinu „Vindur í seglum“. Ætlunin var að styðja og aðstoða kvenhöfunda og kynsegin fólk við að fóta sig í bransanum og koma verkum á framfæri, í von um að vinna á kynjahalla innan tónlistargeirans. Markmiðið var að þátttakendur öðluðust kunnáttu til að skila frá sér vel unnum verkum og koma þeim á framfæri.

Verkefnið þótti lukkast vel og er nú hleypt af stokkum í fjórða sinn. Hér með er skorað á áhugasamar konur og kynsegin höfunda að [sækja um þátttöku](#).

Hvernig virkar þetta?

- Þátttakendur velja sér einn og upp í þrjá leiðbeinendur af framlögðum lista (sjá hér fyrir neðan), eftir því sem þau telja henta sínu verkefni. Þátttakendur geta einnig stungið upp á öðrum en þeim sem eru á listanum, mun STEF þá athuga hvort viðkomandi sé tilkippileg/ur.
- Athygli er vakin á því að allar tónlistarstefnur koma til greina.
- Þátttakendur geta bæði óskað eftir aðstoð leiðbeinanda við viðskipta- eða markaðshlið verkefna, en einnig varðandi sköpun, jafnvel óskað eftir því að semja saman tónlist með leiðbeinanda.
- Hver þátttakandi hlýtur 200.000 kr. styrk til að vinna að sínu verkefni.
- Verkefnið hefst haustið 2026 og lýkur vorið 2027.
- Á tímabilinu hittir hver þátttakandi leiðbeinanda sinn (eða leiðbeinendur) sex sinnum skv. skipulagi þeirra í milli.
- Ólöf Ingólfssdóttir, markþjálfari, veitir hverjum þátttakanda leiðsögn í tvö skipti.

- Þátttakendur fá kynningu á starfsemi útgáfufyrirtækisins *Vetur Music*.
- Þátttakendur fá kynningu á starfsemi *Reykjavík Orkestra* í Hörpu, undir handleiðslu Gabríels Ólafssonar.
- Á tímabilinu hittast þátttakendur tvisvar til þrisvar sinnum, þar sem farið verður yfir framgang verkefnanna, auk þess sem þeir fá fræðslu um starfsemi STEFs.
- Þátttakendur fá einnig kynningarfund með *Tónlistarmiðstöð* á tímabilinu.
- Verkefninu lýkur með því að þátttakendur og leiðbeinendur kynna verkefni sín fyrir Jafnréttisnefnd STEFs og vel völdum gestum og ræða um árangur verkefnisins.

Umsóknarferlið:

- Jafnréttisnefnd STEFs velur þrjá þátttakendur úr umsóknum.
- Þátttakendur skila inn lýsingu að fyrirhuguðu verkefni. Verkefnið þarf að vera þess eðlis að þátttakendur geti vaxið sem höfundar með framkvæmd þess, en um leið þarf það að vera raunhæft.
- Markmiðið er að hvetja og aðstoða þátttakendur með verkefni sín sem eru nú þegar í gangi eða hafa a.m.k. þegar verið mótuð að einhverju leyti.
- Þátttakendur þurfa að skila inn einu til þremur tóndæmum af tónsmíðum sínum með umsókninni, sem gefur hugmynd um listsköpun þeirra. Tóndæmi þessi þurfa alls ekki að vera fullunnar útgáfur, þannig getur „demo“ sem tekið er upp á síma jafnvel dugað. Nægilegt er að senda tengla á Spotify, YouTube eða aðrar veitur, hafi umsækjandi útgefin tóndæmi þar. Vinsamlegast verið viss um að tenglar séu virkir.

Leiðbeinendur 2026-2027

Sérfræðingar í markaðssetningu tónlistar o.fl.:

- María Rut Reynisdóttir
- Bryndís Jónatansdóttir
- Eiður Arnarson
- Margeir S. Ingólfsson
- Soffía Jónsdóttir
- Steinunn Camilla Stones
- Anna Jóna Dungál
- Hrefna Helgadóttir (Glitský Management)
- Bergur (Vetur Music)
- Arent Cleassen (Vetur Music)

Lagahöfundar (popp):

- Halldór Gunnar Pálsson
- Jón Ólafsson
- Helgi Björnsson
- Jónas Sigurðsson
- Arnar Freyr Frostason
- Salka Sól Eyfeld
- Cell7
- Valgeir Guðjónsson
- Eyþór Gunnarsson
- Greta Salome Stefánsdóttir
- Hera Björk Þórhallsdóttir
- Lára Rúnarsdóttir
- Eliza Newman
- Bragi Valdimar Skúlason
- Magnús Jóhann Ragnarsson
- Hrafnkell Pálmarsson

Upptökustjórar o.fl.:

- Zöe Ruth Erwin
- Logi Pedro Stefánsson
- Hildur Kristín Stefánsdóttir
- Pálmi Ragnar Ásgeirsson

jazz, þjóðlagatónlist, sígild- og samtímatónlist, raftónlist o.fl.):

- Pétur S. Jónsson
- Tómas R. Einarsson
- Kristjana Stefánsdóttir
- Hafdís Bjarnadóttir
- Ragnheiður Gröndal
- Anna Þorvaldsdóttir
- Sigurður Flosason
- Eðvarð Egilsson
- Hafdís Huld Þrastardóttir
- Hildigunnur Rúnarsdóttir
- Svavar Knútur
- Atli Ingólfsson
- Aðalsteinn Ásberg Sigurðsson
- Friðrik Karlsson
- Hallur Ingólfsson
- Halldór Smáráson
- Þórunn Gréta Sigurðardóttir
- Páll Ragnar Pálsson
- Þuríður Jónsdóttir
- Snorri Helgason
- Sóley Stefánsdóttir
- Gabríel Ólafsson
- María Huld Markan